



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 23. desember, 2009

Ákvörðun nr. 48/2009

Yfirtaka Glitnis banka hf. á Íslandsbanka hf.

I.

Málsatvik og málavextir

Með samrunaskrá sem barst Samkeppniseftirlitinu 16. október sl. var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um yfirtöku Glitnis banka hf. (Glitnir) á Íslandsbanka hf. Fullnægð tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Íslandsbanki sinnir hefðbundinni bankaþjónustu á Íslandi. Glitnir er fjármálafyrirtæki í greiðslustöðvun.

Með bréfum dags. 19. og 27. október var óskað upplýsinga um hverjir sætu í kröfuhafaráði Glitnis banka. Bárust Samkeppniseftirlitinu fullnægjandi upplýsingar um kröfuhafaráðið með bréfi dags. 28. október.

Þann 4. nóvember komu fulltrúar Glitnis á fund Samkeppniseftirlitsins þar sem stofnunin lýsti ákveðnum samkeppnislegum vandkvæðum við samrunann. Í kjölfar fundarins barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá samrunaaðilum dags. 10. nóvember þar sem stungið var upp á skilyrðum sem draga mættu úr hugsanlegum samkeppnislegum vandkvæðum.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hverskonar aðgerðum samruni getur falist.

Aðdraganda samruna þessa má rekja til þess að þann 6. október 2008 samþykkti Alþingi lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., svokölluð neyðarlög, sem fólu m.a. í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Lögin heimiluðu Fjármálaeftirlitinu (hér eftir FME) að grípa til sérstakra ráðstafana sem fólust meðal annars í heimild til að taka yfir rekstur fjármálafyrirtækja með það að markmiði að bregðast við óvenjulegum aðstæðum á íslenska fjármálamarkaðinum og tryggja áframhaldandi viðskiptabankastarfsemi hér á landi. Á grundvelli framangreindra laga tók FME ákvörðun þann 14. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf. sem var í eigu íslenska ríkisins. Nafni bankans hefur nú verið breytt í Íslandsbanka. Við ákvörðunina var gert ráð fyrir að greitt yrði fyrir hina yfirteknu starfsemi með útgáfu skuldabréfs.



Niðurstaða frekari viðræðna var hins vegar sú að skilanefndin ákvað að fara frekar þá leið að eignast 95% hlut í Íslandsbanka.

Í samrunaskrá benda samrunaaðilar á að samruninn geti haft jákvæð áhrif á eignatengsl á bankamarkaði þar sem nú fari íslenska ríkið með yferráð yfir þremur stórum viðskiptabönkum en með því að skilanefndin nær yferráðum yfir Íslandsbanka dregur úr þessum tengslum. Fyrirætlanir skilanefndarinnar gera ráð fyrir að bankinn verði að lokum í eigu hóps kröfuhafa Glitnis banka. Þannig er væntanleg önnur breyting í yferráðum Glitnis banka að nokkrum tíma liðnum.

Samkeppniseftirlitið telur ljóst að með framangreindu hafi Glitnir náð yferráðum yfir Íslandsbanka og um sé að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

III.

Niðurstaða

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti getur stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

1.

Íslandsbanki er viðskiptabanki með starfsemi um allt Ísland. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 50/2008 *Samruni SPRON og Kaupþings* var komist að þeirri niðurstöðu að viðskiptabankarnir Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf. væru í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu. Nú er sama starfsemi rekin á Íslandi undir merkjum NBI hf., Nýja Kaupþings banka hf. og Íslandsbanka hf. Ekki hafa komið fram upplýsingar sem gefa skýrt til kynna að ekki sé lengur fyrir hendi sameiginleg markaðsráðandi staða þessara þriggja banka.

Íslandsbanki á 55% hlut í Kreditkortu hf. og Borgun hf. ásamt því á að fara með 14,5% hlut í Fjölgreiðslumiðlun hf., 25% eignarhlut í Auðkenni hf. og 23% eignarhlut í Reiknistofu bankanna. Í meirihlutaeigu Glitnis eru tvö fyrirtæki sem sinna einhvers konar fjármálaþjónustu og starfa á Íslandi. Þar er um að ræða tryggingafélag sem rekið er undir merkinu Sjóvá og Askar Capital hf. Askar Capital fara með yferráð yfir Avant hf. sem hefur með höndum lánastarfsemi, aðallega svokölluð bílalan.

2.

Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi samrunaaðila skarist lítið sem ekkert. Er starfsemi annarra fjármálafyrirtækja en Íslandsbanka sem undir yferráðum Glitnis svo ólík starfsemi bankans að samrunaaðilar telja skörun óverulega og að hún hafi lítil sem engin áhrif á samkeppni á fjármálamarkaði.

Til grundvallar samrunatilkynningu þessari liggja eins og áður sagði áform um að kröfuhafar Glitnis eignist Íslandsbanka. Hliðstæð áform liggja til grundvallar annarri samrunatilkynningu sem Samkeppniseftirlitið hefur haft til skoðunar, þ.e. yfirtaka Kaupþings banka hf. á Nýja Kaupþingi banka hf., nú Arion banka hf. Ekki liggja fyrir



staðfestar upplýsingar um samsetningu kröfuhafahópsins auk þess sem að viðskipti eiga sér stað með kröfur. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki óhugsandi að sú staða komi upp að sömu kröfuhafar verði áberandi beggja megin, þ.e. hjá Glitni annars vegar og Kaupþingi banka hins vegar. Komi sú staða upp getur hún raskað samkeppni.

Það getur haft áhrif til samræmingar á stefnu bankanna ef kröfuhafar þeirra eru hinir sömu þrátt fyrir að þeir fari ekki með bein eignaráð yfir þeim. Í þessu máli er því að mati Samkeppniseftirlitsins nauðsynlegt að setja skilyrði sem girði fyrir að dulin tengsl geti haft neikvæð áhrif á samkeppni auk þess sem nauðsynlegt er að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Íslandsbanka. Rétt er hins vegar að taka fram að komi til breytinga á yfirráðum bankanna munu þær breytingar koma til skoðunar í nýju máli.

Í ljósi framangreinds taldi Samkeppniseftirlitið að til greina kæmi að grípa til íhlutunar vegna samrunans. Í 17. gr. c samkeppnislaga kemur fram að Samkeppniseftirlitið geti sett samruna sem hindrar virka samkeppni í skilningi ákvæðisins skilyrði. Með því að setja slíkum samruna skilyrði er ætlunin að koma í veg fyrir þau samkeppnishamlandi áhrif samruna sem ella myndu leiða til ógildingar hans. Verða skilyrði að vera fullnægjandi í því skyni, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2001 *Mjólkurfélag Reykjavíkur svf., Lýsi hf. og Fóðurblandan hf. gegn samkeppnisráði.*

Líkt og fram hefur komið hafa viðræður við Glitni leitt til þess að Glitnir hefur fallist á að undirgangast viss skilyrði sem ætlað er að koma í veg fyrir umrædd samkeppnisleg vandkvæði og tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Íslandsbanka. Samkeppniseftirlitið telur að skilyrðin séu nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samruna þessum.

Ákvörðunarorð:

„Yfirtaka Glitnis banka hf. á 95% eignarhlut í Íslandsbanka hf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 en í kjölfar samrunans á Íslandsbanki 97% eignarhlut í félaginu. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingu samrunans:

1.

Glitnir og ISB Holding skulu tryggja, að svo miklu leyti sem það er á valdi þeirra, samkeppnislegt sjálfstæði Íslandsbanka á íslenskum viðskiptabanka markaði. Skal það gert m.a. með því að tryggja að í stjórn Íslandsbanka sitji einstaklingar sem eru óháðir eftirfarandi aðilum:

- Öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi sem starfa á sama markaði og Íslandsbanki.
- Þeim sem hafa yfirráð yfir öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi sem starfa á sama markaði og Íslandsbanki.



- Öðrum sem hafa verulega hagsmuni að gæta af rekstri bæði Íslandsbanka og keppinauta félagsins, t.d. 50 stærstu samþykktu kröfuhafar sem eiga kröfur í fleiri en einum banka.

Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá framangreindum aðilum. Hið sama gildir ef hann er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum aðilum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstöfum fyrir framangreinda aðila teljast vera verulega háðir.

2.

Glitnir og ISB Holding munu tryggja eftir því sem þeim er unnt í krafti eignarhlutar síns að Íslandsbanki eigi ekki í viðskiptalegu samstarfi við keppinauta sem fer í bága við 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 eða önnur ákvæði samkeppnislaga.

3.

Stjórnarmenn í Íslandsbanka og ISB Holding skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni í stjórnarstöfum sínum fylgja ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005 og ekki grípa til aðgerða sem geta raskað samkeppnislegu sjálfstæði Íslandsbanka.

4.

Glitnir skal upplýsa Samkeppniseftirlitið á sex mánaða fresti um hverjir 50 stærstu samþykktu kröfuhafar bankans séu. Jafnframt skal upplýst um allar breytingar í eignarhaldi ISB Holding eða Íslandsbanka.

5.

Skilyrði ákvörðunar þessarar taka til allra beinna eða óbeinna aðgerða Glitnis, þ. á m. í gegnum dótturfélög.

6.

Glitnir skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem Glitnir býr yfir eða öðlast í gegnum eignarhald sitt á Íslandsbanka eða með öðrum hætti um keppinauta Sjóvár Almennra og annarra félaga í eigu Glitnis berist ekki til þeirra fyrirtækja.

7.

Glitnir skal tilkynna Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en tveimur mánuðum eftir undirritun sáttar þessarar um það með hvaða hætti Glitnir hyggst tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Íslandsbanka.

8.

Brot á þessum skilyrðum varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.“



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson